

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 7. júní 2016
UST201605-244/B.S.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - ljósleiðarastrengur í Álftafirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Fyrirhugað er að leggja ljósleiðara frá Hörðubóli að símstöð í Stykkishólmi. Ráðgert er að þvera Álftafjörð, en slík framkvæmd er talin bæði ódýrari og betri kostur umhverfislega þar sem lagnaleið fyrir fjörðinn er bæði brött og klettótt.


Fram kemur í greinargerð að unnt er að plægja strenginn niður í botn fjarðarins á stórstraumsfjöru. Ummerki um þá framkvæmd verða lítil og hverfa líklega á fyrsta flóði. Í landtökum þarf að grafa niður rör 50 metra út í fjörðinn og er talið að þau ummerki hverfi fljótt, þar sem gengið verður frá fjörunni á svipaðan hátt og komið var að henni. Helstu áhrif framkvæmdarinnar geta orðið að vestanverðu þar sem þarf að grafa skurð um 100 m frá landtökustað að tengibrunni. Fram kemur að við framkvæmdina verður lögð sérstök áhersla á að vanda frágang á strengleiðinni niður að firðinum þar sem mögulega gæti orðið úrrennsli. Með vönduðum vinnubrögðum og uppgræðslu er talið að unnt verði að koma í veg fyrir úrrennsli og því ættu ummerki um framkvæmdina að hverfa fljótt.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaraðili þurfi að afla samþykkis Breiðsfjarðarnefndar vegna framkvæmda í Álftafirði sem er innan þess svæðis sem vernd Breiðafjarðar nær til sbr. lög nr. 54/1995.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri